

Nr. 22-020 S 016 Sóley Sigurjóns GK 200***Skipverji slasast á fæti og hendi***

Skipaskr.nr. 2262
IMO 8616207
Smíðaður: Danmörku 1987, stál
Útgerð: Nesfiskur ehf
Stærð: 737 BT
Mesta lengd: 41,98 m Skráð lengd: 38,36 m
Breidd: 10,4 m Dýpt: 7,03 m
Vél: Wärtsilä 632 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 13



Sóley Sigurjóns © Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA.

Lokaskýrsla afgreidd 31. október 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Sóley Sigurjóns var á landleið að lokinni veiðiferð þann 28. janúar 2022. Veður V-SV 20-23 m/s.

Skipverji var við vinnu í lest skipsins þegar það fékk á sig hnút sem varð til þess að kör á millipilfari runnu til og varð skipverjinn á milli þeirra. Hann slasaðist á fæti og hendi. Strax var farið með hinn slasaða í land og honum komið undir læknishendur.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Fiskikör með lifur u.þ.b. 20 stk. voru á millipilfarinu.
- Skipverji hafði orðið var við að körin höfðu færst úr stað. Hann kallaði annan sér til aðstoðar við að skorða (binda) körin til að koma í veg fyrir að þau dyttu um koll.
- Skipverji kom til aðstoðar en í sama vettvangi fékk skipið á sig brotsjó með þeim afleiðingum að kör runnu á hann og hann klemmdist milli kara og skipshliðar. Slasaðist hann á ökla og hendi.
- Skipstjóri vissi ekki af mönnunum á millipilfarinu.
- Eftir óhappið var skipinu snúið upp í sjó og vind á meðan hinum slasaða var komið til hjálpar.
- Skipverjanum var komið undir læknishendur við komu var til hafnar níu klst. síðar.
- Ekki var starfandi öryggisnefnd í skipinu né hafði verið framkvæmt áhættumat fyrir einstaka verkþætti þrátt fyrir að það sé skylt að framkvæma.
- Svipað slys átti sér stað um borð í skipinu þann 1. nóvember 2020 (*sjá skýrslu 21-009 S 002*).



Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til þess að fiskikör á milliþilfari voru illa skorðuð.

Tillaga í öryggisátt:

RNSA beinir því til Samgöngustofu að fært sé inn í skoðunarhandbók hvort skip uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 8.-11. gr. reglugerðar nr. 200/2007 um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.